


Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. maí 2011
Tilvísun: UST20110400135/jbw

Fyrirhuguð 6.000 tonna laxeldisstöð Laxar ehf. í sjókvíum í Reyðarfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags 15. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

Árið 2003 gaf Umhverfisstofnun út starfsleyfi fyrir 6.000 t ársframleiðslu á laxi í sjókvíum í Reyðarfirði en ekki varð úr áformum um eldið og rann starfsleyfi út í apríl 2010. Ekkert fiskeldi hefur nú starfsleyfi í Reyðarfirði.

Lýsing framkvæmdar

Í greinargerð vegna fyrirhugaðs laxeldis kemur fram að fyrirtækið Laxar ehf. áformi að byggja upp áframeldi á laxi í sjókvíum í ytri Reyðarfirði. Sjókvíar verða staðsettar á þremur stöðum í utanverðum firðinum, með 3-5 km fjarlægð á milli staða, og verða tvær staðsetningar notaðar í laxeldi á hverju tveggja ára tímabili á meðan ein er hvíld eitt ár í senn. Ræktaður verður svokallaður Sagalax sem framkvæmdaraðili hefur ræktað um nokkurra ára skeið í Berufirði og verða seiðin keypt úr landeldisstöð. Eldið verður byggt upp á sjö árum, gert ráð fyrir að það byrji í júní árið 2012 og að full nýting náist árið 2018. Stefnt er að því að setja upp sláturaðstöðu fyrir laxinn í Fjarðabyggð.

Fyrri áform og núverandi áform um laxeldi í Reyðarfirði, samanburður

Árið 2002 kom út matsskýrsla á vegum Samherja þar sem fjallað var um 6.000 t laxeldi á sömu stöðum og laxeldi Laxa ehf. er fyrirhugað. Starfsleyfi var gefið út af Umhverfisstofnun árið 2003 eins og að framan greinir. Þá var það mat Skipulagsstofnunar að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins og Hollustuverndar ríkisins og fleiri stofnana að 6.000 t eldisstöð í firðinum feli ekki í sér veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum. Í greinargerð vegna fyrirhugaðs laxeldis á vegum Laxa ehf. kemur fram að fyrirhugað fiskeldi verður af sömu gerð, af sömu stærð og á sömu stöðum í ytri Reyðarfirði og þessi fyrri áform með skiptiræktun þar sem hvílt verður á einum stað af þremur ræktunarstöðum á hverjum tíma í

eitt ár í senn. Í greinargerð kemur einnig fram að búnaður fyrir fyrirhugað laxeldi á vegum Laxa ehf. verði af bestu gerð og að sú nýjung verði frá fyrri áformum Samherja að fóðurgjöfin verði tölvustýrð. Með þeim búnaði verður fóðurtap eingöngu um 2% en ekki allt upp í 10% eins og fram kom í matsskýrslu árið 2002.

Í greinargerðinni kemur auk þess fram að ekkert hafi breyst í náttúru Reyðarfjarðar eða nærumhverfi frá því að árið 2002. Umhverfisstofnun er ekki sammála þessu og bendir á að ekki sé hægt að útiloka að mengun frá starfsemi innar í firðinum sem hófst eftir að matsskýrsla var birt árið 2002, þ.e. álver Alcoa, geti borist með sjávarstraumum sem ganga út fjörðinn að sunnanverðu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að ekki komi fram í greinargerðinni hvar úrgangur frá eldinum, m.a. dauður fiskur, verður urðaður og að gera þurfi ráðstafanir í þeim efnum áður er eldi hefst.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar varðandi umhverfisáhrif og matsskyldu

Stofnunin telur brýnt að ástand botns og botnlífriki undir og í grennd við eldisstaðina verði kannað áður en fiskeldið hefst og notaðar verði sem bakgrunnsupplýsingar til að fylgjast með eða vakta áhrif fiskeldisins á botninn og lífríki þess. Við gerð starfsleyfa fyrir sjókvíaelði hjá Umhverfisstofnun er mikil áhersla lögð á ýtarlega og reglubundna vöktun á þessum þáttum.


Umhverfisstofnun tekur undir það mat í greinargerð og í matsskýrslu árið 2002 að um umhverfisvænt fiskeldi verði að ræða þar sem notuð verður besta tækni, skiptiræktun og umhverfisvænar aðferðir við hreinsum ásæta af nótum og kvíum, og að með þeim aðferðum megi draga úr líkum á langtímaáhrifum á umhverfi. Þannig megi búast við tímabundnum talsvert neikvæðum en afturkræfum áhrifum innan þynningarsvæðis og að með hvíld eldisstaða megi búast við að samfélög botnlífvera jafni sig með hjálp örveruniðurbrots og strauma. Einnig tekur stofnunin undir það mat að ytri hluti Reyðarfjarðar henti vel til fiskeldis vegna góðra vatnsskipta og mikils dýpis. Stofnunin bendir þó á að samkvæmt aðferðum um staðarval fiskeldis (BAT) er miðað við að straumur sé a.m.k. 5 cm/s og því sé ljóst að fyrirhugaðir staðir fyrir sjókvíar við Bjarg og Sigmundarhús norðan megin í firðinum henti betur fyrir fiskeldi en Gripaldi sunnan megin. Í þessu sambandi bendir stofnunin auk þess á, eins og áður hefur komið fram, að mengun geti hugsanlega borist með straumum úr innanverðum Reyðarfirði að sjókvíum við Gripald.

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að í greinargerðinni er svo metið að Reyðarfjörður sé síður viðkvæmur viðtaki í samræmi við reglugerð nr. 798/1999. Sú reglugerð á einungis við um fráveitur og skólþ og skilgreining viðtaka þarf samkvæmt 20. grein reglugerðarinnar að vera send til Umhverfisstofnunar af viðkomandi sveitarfélagi til staðfestingar til þess að skilgreiningin öðlist vægi. Því liggur ekki fyrir staðfesting á því að umrætt svæði sé síður viðkvæmur viðtaki. Stofnunin bendir á að eðlilegt er að höfð sé til hliðsjónar flokkun heilbrigðisnefnda á ástandi strandsjávar sbr. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns frekar en skilgreining á viðkvæmum viðtaka.


Umhverfisstofnun vísar að öðru leiti í umsagnir Náttúruverndar ríkisins og Hollustuverndar ríkisins við matsskýrslu árið 2002.

Að framansögðu er það álit Umhverfisstofnunar að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt



Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri



Jóhanna Björk Weissappel
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

Afrit/Samrit sent: